

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1087****2020/EES/69/32**

frá 23. júlí 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar framkvæmd einstaklinga, sem hafa til þess sérstaka heimild, á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi, framkvæmd greininga, prófana eða sjúkdómsgreininga og gildistíma tímabundinna ráðstafana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 141. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er m.a. mælt fyrir um reglur um framkvæmd lögbærra yfirvalda aðildarríkja á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi. Með henni er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja, með framkvæmdargerð, viðeigandi tímabundnar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra ef hún hefur sannanir fyrir alvarlegri röskun á eftirlitskerfi aðildarríkis.
- 2) Til að takast á við hinar sérstöku aðstæður vegna yfirstandandi hættuástands í tengslum við kórónaveirusjúkdóminn (COVID-19) gerir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 ⁽²⁾ aðildarríkjum kleift að beita tímabundnum ráðstöfunum í tengslum við opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi.
- 3) Aðildarríki hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að tiltekin alvarleg röskun á starfsemi eftirlitskerfa þeirra í ljósi hættuástandsins í tengslum við COVID-19, erfiðleikar við að inna af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi varðandi opinber vottorð og opinberar vottanir að því er varðar tilflutning á dýrum og vörum inn í Sambandið og innan Sambandsins og erfiðleikar við að skipuleggja fundi í eigin persónu með rekstraraðilum og starfsfólki þeirra í tengslum við opinbert eftirlit haldi áfram fram yfir 1. ágúst 2020. Til að takast á við þessa alvarlegu röskun og til að auðvelda skipulagningu og framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi meðan hættuástandið í tengslum við COVID-19 stendur yfir ætti að framlengja gildistíma framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/466 til 1. október 2020.
- 4) Aðildarríki hafa einnig upplýst framkvæmdastjórnina um að önnur röskun sem tengist tiltækileika starfsfólks og getu opinberra rannsóknarstofa í tengslum við opinbert eftirlit haldi ekki áfram fram yfir 1. ágúst 2020. Því ætti að fella brott viðeigandi ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 þar sem sérstakar neyðarráðstafanir á þessum sviðum eru heimilaðar.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 239, 24.7.2020, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjtið. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 3. gr. falla brott.
- 2) Í 5. gr. fellur a-liður brott.
- 3) Í stað annarrar málsgreinar 6. gr. kemur eftirfarandi:

„Hún gildir til 1. október 2020.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. ágúst 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
